



# ÚTIVIST

Laugavegi 178. Sími 562 1000. [www.utivist.is](http://www.utivist.is)

Reykjavík, 22. maí 2015.

Rangárþing Ytra  
Har. Birgir Haraldsson, skipulagsfulltrúi  
Suðurlandsvegi 1  
850 Hella

Ferðafélagið Útivist óskar hér með eftir lóð við Álftavatn merkt S-1 í deiliskipulagi, sem auglýst er til umsóknar á vef sveitarfélagsins Rangárþings ytra þann 15. maí s.l.

Ferðafélagið Útivist er áhugamannafélag um útivist og ferðalög um náttúru Íslands. Félagið vinnur að tilgangi sínum með því að standa fyrir ferðum fyrir félagsmenn sína og almenning og með því að byggja upp og reka aðstöðu fyrir ferðafólk í óbyggðum. Einnig hefur félagið unnið að margvíslegum umhverfisumbótum á hálendinu, einkum á þeim svæðum þar sem það rekur fjallaskála. Félagið hefur umtalsverða reynslu af rekstri slíkra skála, en í dag rekur félagið eftirtalda skála; Dalakofa, Strútsskála, Sveinstind, Skælinga, Álftavötn í Lambaskarðshólum, Fimmvörðuskála og Bása á Goðalandi. Við uppbyggingu þessara skála hefur þess verið gætt í hvívetna að útlit bygginga falli vel að umhverfinu og beri svipmót af hefðbundnum íslenskum byggingastíl.

Hugmyndir Ferðafélagsins Útivistar um framangreindan byggingareit er að reisa þar gistiskála sem rúmar tvo gönguhópa. Ytra útlit væri í stíl við þá skála sem Útivist hefur reist að Fjallabaki þar sem lögð er áhersla á að húsin falli vel að umhverfinu og byggingastíll beri svipmót af hefðbundnu íslensku byggingarlagi (sbr. t.d. Dalakofi og Strútsskáli). Skálinn myndi nýtast bæði fyrir gönguhópa félagsins, sem og vera til útleigu til annarra hópa. Skáli á þessum stað myndi nýtast félaginu verulega vel. Annars vegar er félagið með töluvert af gönguferðum um Laugavegin á hvert, en einnig myndi skáli á þessum stað nýtast fyrir ferðir um Strútsstíg þar sem gengið er frá Hólaskjóli um Hólmsárbotna í Strútsskála og þar áfram vestur Mælifellssand. Með þessum skála gætum við tengt þá gönguleið við Dalakofa og þannig væri komin áhugaverð gönguleið sem liggur þvert á Laugavegin. Mikið hefur verið rætt um þörf á nýjum valkostum til að létta álaginu af Laugaveginum og hefur Útivist tekið virkan þátt í að opna nýja möguleika fyrir göngufólk, meðal annars með gönguleiðinni



# ÚTIVIST

Laugavegi 178. Sími 562 1000. [www.utivist.is](http://www.utivist.is)

um Strútsstíg og einnig nýjum gönguleiðum sem tengjast Dalakofa. Við sjáum fyrir okkur að með því að hafa yfir að ráða skála á þessum stað opnast miklir möguleikar fyrir okkur að þróa gönguleiðir sem gætu boðið upp á mikla möguleika til framtíðar. Skálabygging við Álftavatn myndi því falla einstaklega vel að öðrum verkefnum Ferðafélagsins Útivistar.

Við teljum rétt að vekja athygli á því að áhugi Ferðafélagsins Útivistar á skálarekstri á þessum slóðum á sér lengri sögu og tengist einmitt þróun gönguleiðarinnar um Strútsstíg. Árið 2001 og 2002 átti félagið í viðræðum við Rangárvallahrepp um kaup á skálanum í Hvanngili, einmitt með það í huga að tengja hann við gönguleiðina um Strútsstíg ásamt því að nýta hann í Laugavegsferðum. Þau mál þróuðust á þann veg að óskað var eftir tilboðum í skálann, en Ferðafélag Íslands átti hæsta boð og varð því ekki úr að Útivist eignaðist skálann. Í framhaldi af því óskaði Útivist eftir leyfi fyrir byggingu á nýjum skála í Hvanngili með bréfi dagsettu 18. apríl 2002. Hreppsnefnd svaraði erindinu með bréfi dagsettu 21. maí 2002 þar sem kom fram að erindið yrði tekið fyrir að lokinni gerð deiliskipulags fyrir Hvanngilssvæðið. Nokkur tími leið þar til gert var deiliskipulag fyrir Hvanngilssvæðið, en í því deiliskipulagi sem nú liggur fyrir er ekki gert ráð byggingareit fyrir nýjan skála. Hins vegar getur skáli við Álftavatn nýst okkur með sama hætti. Við sjáum því í þessu möguleika á að ljúka 15 ára gamalli sögu og fá inn hlekkinn sem hefur vantað hjá okkur.

Á framangreindum forsendum vonumst við eftir jákvæðum viðbrögðum við umsókn okkar. Við teljum okkur vel til þess fallin að reka skála á þessum stað til hagsbóta fyrir alla ferðamennsku á svæðinu. Þá bendum við á að Útivist hefur alltaf sýnt góða umgengni við náttúruna og sýnt og sannað að félagið leggur metnað í að skálar félagsins falli vel að umhverfinu og séu félaginu til sóma.

Með kveðju,

Skúli H. Skúlason

Framkvæmdastjóri Ferðafélagsins Útivistar